

110 Þar sem fleiri en 2 rúm eru í sama herbergi skal leigan metin fyrir hvert 19. júlí einstakt rúm.

3. gr.

Þegar eftir framkvæmd matsins skal húsaleigunefnd birta með bréfi niðurstöðu þess fyrir forstöðumanni gistihúss, og er matið bindandi fyrir gistihúsið frá þeim tíma nema áfrýjað sé til yfirhúsaleigunefndar, en það skal gert innan 3 daga frá birtingunni. Húsaleigunefnd skal þegar í stað senda félagsmálaráðuneytinu og yfirhúsaleigunefnd útskrift úr gerðabók sinni varðandi matið, og getur félagsmálaráðuneytið áfrýjað matsgerðinni til yfirhúsaleigunefndar og er það ekki bundið við framangreindan 3 daga áfrýjunarfrest.

Sé matsgerðum utan Reykjavíkur skotið til yfirhúsaleigunefndar, getur nefndin við mat sitt lagt til grundvallar skýrslu trúnaðarmanna á staðnum um ásigkomulag gistihúss og annað það, er áhrif getur haft á matið.

Yfirhúsaleigunefnd annast birtingu þeirra matsgerða, er til hennar hefur verið skotið, fyrir forstöðumanni gistihúss og ákveður frá hvaða tíma matið skuli gilda.

4. gr.

Þegar mat á herbergjum gistihúss hefur verið endanlega ákveðið skal forstöðumanni þess skylt að festa upp í fordyri gistihússins skrá yfir verð hvers einstaks herbergis eða rúms.

5. gr.

Mat það, er fram fer sumarið 1944 skal gilda til 31. maí 1945. Síðan skulu húsaleigunefndir framkvæma matið í aprílmánuði ár hvert og gildir það frá 1. júní til 31. maí n. á. Þó getur félagsmálaráðuneytið fyrirskipað endurskoðun á matinu með styttra millibili, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 10—10000 kr.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 16. gr. húsaleigulaga nr. 39 1943, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

111
20. júlí

AUGLÝSING

um innheimtu á veitingaskatti.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. nefndra laga nr. 99/1933, skuli þar til öðruvísi verður ákveðið, vera kr. 5.50 frá og með 1. júlí þ. á. að telja.

Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1944.

F. h. r.

E. u.

Einar Bjarnason.